

**Minnisblað um virðisaukaskatt og skemmtanaskatt
af skemmtunum og ýmissi afþreyingu.**

Hér að neðan eru upplýsingar um hvort og hvernig ýmsar skemmtanir og afþreying er virðisaukaskattsskyld og skemmtanaskattsskyld. Upplýsingarnar eru bæði um virðisaukaskattsskyldu skv. núverandi lögum um virðisaukaskatt og virðisaukaskattsskyldu skv. frumvarpi til laga um breytingar í skattamálum. Tekið skal fram að embætti ríkisskattstjóra hefur hvorki með álagningu né innheimtu skemmtanaskatts að gera.

Skemmtun afþreying:	skattskyld skv. vskl.:	skattskyld skv. frv.:	skemmtana- skattsskyld:
Leikhús o.fl.	undanþ.	undanþ.	undanþ.
ísl. kvikmynd	undanþ.	undanþ.	undanþ.
erl. kvikmynd	24,5 %	24,5 %	skattsk. ¹⁾
tónleikar	undanþ. ²⁾	undanþ. ²⁾	skattsk. ³⁾
sinfónía	undanþ.	undanþ.	undanþ.
dansleikir	24,5 %	24,5 %	skattsk. ⁴⁾
fjölleika-og trúðleikasýningar	24,5 %	24,5 %	skattsk. ³⁾
ísl. bækur	0-skattur	14 %	
erl. bækur	24,5 %	24,5 %	
upplestur	undanþ.	undanþ.	undanþ.
plötur	24,5 %	24,5 %	
tímarit	0-skattur	14 %	

- 1) Skemmtanaskattur ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.
- 2) Undanþegið, enda tengist tónleikahaldið ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
- 3) Skemmtanaskattur ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 1500 íbúa.
- 4) Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skólastjórnar.

Menntamálaráðuneytið
14. desember 1992
PÓ/--

Minnisblað

Fjármálaráðuneytið
Snorri Olsen

Menntamálaráðuneytinu, Lista-og safnadeild er kunnugt um eftirtaldin norræn verðlaun á sviði lista-og menningarmála:

Nobelsverðlaun í bókmenntum
Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs
Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs
Norrænu leikskáldaverðlaunin
Bjartsýnisverðlaun Bröstes
Bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar
Norrænu barnabókaverðlaunin
Norræn verðlaun fyrir sjónvarpsefni, útvarpsefni og efni í blöðum.

Svo virðist sem hvergi sé að finna heildaryfirlit yfir norræn lista-og menningarverðlaun. Fyrirspurnir voru gerðar hjá Íslandsdeild Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndinni og skrifstofu Forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Ekki er heldur slíkt yfirlit að finna hjá Menntamálaráðuneytinu, hvorki yfir norræn verðlaun né verðlaun sem veitt eru annarsstaðar í heiminum. Að mati ráðuneytisins er ekki nokkur möguleiki að komast yfir slíka lista og því mætti í reglugerðum skilgreina hvort um er að ræða verðlaun sem einkaaðilar veita til að auglýsa starfsemi sína, t.d. verðlaun sem einstaka bókaútgáfur veita, eða hvort verðlaunin eru veitt af þannig félagum og stofnunum að augljóst þykir að þau eru ekki veitt í auðgunarskyni.

Kostnaður við upptöku hátekjuskatts

Frá Alþingi Íslendinga hefur komið fram ósk um að embætti ríkisskattstjóri taki saman í stuttu máli hver kostnaður gæti verið við að álagningu og framkvæmd hátekjuskatts á Íslandi. Kostnaðaráætlun sú sem hér er lögð fram byggir á því frumvarpi til breytinga í skattamálum sem nú liggur fyrir, þingskjal nr. 417, mál 286.

Sérstök ástæða er til að taka fram að kostnaðaráætlun þessa verður að taka með talsverðum fyrirvara þar sem veruleg óvissa er um marga þætti hennar. Hafa þarf þar í huga að tillaga að hátekjuskattsinnheimtu þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir hefur aðeins legið fyrir skamman tíma og undirbúningur að framkvæmd hefur ekki hafist. Þá er með öllu óvíst í hve miklum mæli gjaldendur munu leita eftir breytingum á fyrirframgreiðsluskyldu þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

1. Framkvæmd hátekjuskattsinnheimtu.

Frumvarp það sem fyrir liggur gerir ráð fyrir að við álagningu áranna 1993 og 1994 verði reiknuð ákveðin fyrirframgreiðsla upp í sérstakt hátekjuskattsþrep sem nánar í lýst í frumvarpinu. Við álagningu 1993 verði heildartekjur ársins 1992 notaðar til að reikna fyrirframgreiðsluna. Gert er ráð fyrir að á álagningar- og innheimtuseðil 1993 komi sérstök tilkynning um greiðsluskyldu mánuðina ágúst til og með desember 1993. Innheimtumenn ríkissjóðs munu senda innheimtutröfu til launagreiðenda gjaldanda eins og aðra innheimtu opinberra gjalda sem er utan staðgreiðslu. Þeir gjaldendur sem ekki eru launþegar þurfa sjálfir að standa skil á fyrirframgreiðslu hátekjuskatts eins og öðrum opinberum gjöldum. Ef gjaldandi telur fyrirframgreiðsluskyldu sína of hátt ákvarðaða, t.d. vegna tekjubreytinga sem orðið hafa milli ára getur hann snúið sér til skattstjóra og óskað eftir breytingum á greiðsluskyldu. Ef skattstjóri fellst á þá ósk gjaldanda sendir skattstjóri tilkynningu um slíka breytingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

Við álagningu opinberra gjalda 1994 og 1995 munu tekjuskattur og útsvar verða ákvörðuð samkvæmt skattframtali gjaldanda. Frá þeim gjöldum er síðan dregin frá skiluð staðgreiðsla, venjuleg hefðbundin fyrirframgreiðsla, sé um slíka greiðslu að ræða, og sérstök fyrirframgreiðsla vegna hátekjuskatts. Þá kemur í ljós hvort gjaldandi eigi að greiða viðbót við þá staðgreiðslu og fyrirframgreiðslu hátekjuskatts sem skilað hefur verið, eigi inneign hjá ríkissjóði eða sé laus allra mála.

Einfalt dæmi:

Hjón hafa hvort um sig 3.000.000 milljónir í tekjuskattsstofn á árinu 1992. Hvort þeirra um sig fær álagða fyrirframgreiðsluskyldu kr. 30.000 sem skiptast munu til greiðslu á 5 síðustu mánuðum ársins 1993. Sú fyrirframgreiðsluskylda færist síðan til bókar sem innborgun upp í álagningu ársins 1994. Sömu reglur munu gilda um fyrir álagningu 1995 vegna innheimtu tekjuskatts.

1992	1993	1994
TEKJUVDIÐMÍÐUN	FYRIRFRAMGEIÐSLUSKYLDA	ÁLAGNING/RESTINNHEIMTA

2. Kostnaður við framkvæmd hátekjuskattsinnheimtu.

Margs konar álitamál þarf að skera úr um við gerð kostnaðaráætlunar sem þessarar. Á þessu stigi þarf því að hafa verulegan fyrirvara um nákvæmni slíkrar áætlunar.

Hér hefur verið farin sú leið að gera einungis ráð fyrir þeim kostnaði sem verður hjá skattstjórum og ríkisskattstjóra en utan áætlunar er kostnaður innheimtumanna, fjármálaráðuneytis, ríkisbókhalds og ríkisendurskoðunar.

Þá er ekki í kostnaðaráætlun þessari tekið tillit til kostnaðar hjá öðrum aðilum, svo sem launagreiðendum.

Helstu kostnaðarliðir við að koma á innheimtu hátekjuskatts og áætlun þeirra:


1. Skipulagning framkvæmdar.....	200 þús
2. Þarfalýsing	600 þús
3. Greining verkefnis	780 þús
4. Hugbúnaðargerð	5050 þús
5. Vélakeyrslur	540 þús
6. Prófanir tölvukerfa	228 þús
7. Umsjón með framkvæmd	600 þús
8. Auglýsingar	400 þús
9. Orðsendingar t. launagreiðenda	250 þús
10. Ýmis konar upplýsingamiðlun.....	300 þús
11. Endurskoðun á eyðublöðum	200 þús
12. Breytingar á fyrirframgreiðsluskyldu.....	700 þús
13. Ófyrirséð	1400 þús

Kostnaður alls 11.248.000

Aðkeypt þjónusta eru liðir: 4.,5.,8.,9. og 3. að hálfu, eða alls kr 6.630.000.

Ítrekaður er fyrirvari um kostnaðarliði. Ósennilegt er þó að skekkjumörk séu meiri en 25-35%.

Reykjavík 12. desember 1992.



Skúli Eggert Þórðarson
vararíkisskattstjóri